

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202405-200/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 - Efnistaka í Hálsá.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna efnistöku í Hálsá.

Í greinargerð kemur fram að breytingin varðar áform um efnistökusvæði við Hálsá og felst í því að skilgreind er heimild fyrir efnistöku í Hálsá, um 49.000 m³ af efni á 2,4 ha lands á vesturbakka árinna.

Vatnamál

Í greinargerð segir að stefna Dalvíkurbyggðar er sú vatnshlot Hálsár verði í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi í samræmi við stefnu Vatnaáætlunar Íslands 2022- 2027. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlotsins eru „mjög góðu“ og því ætti að taka út „eða góðu“.

Auk þess segir að framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem efnistakan mun hafa á viðkomandi matsþætti. Umhverfisstofnun bendir á að í staðin fyrir orðið *matsþættir* ætti frekar að standa „.....gæðapætti sem notaðir eru til ástandsflokkunar vatnshlots sem hægt sé að meta hvort umhverfismarkmið vatnshlotsins náist vegna efnistöku.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur